

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/389

2020/EES/62/01

frá 11. nóvember 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar kennistærðir fyrir útreikning á fjársektum vegna uppgjörsbrests og starfsemi verðbréfamiðstöðva í gístiaðildarríkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum 14. mgr. 7. gr. og 7. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fjalla um þá þætti sem nauðsynlegir eru til að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Til að tryggja samræmi milli þessara ráðstafana og til að auðvelda þeim sem falla undir þessi ákvæði að fá heildarsýn yfir þær og greiðan aðgang að þeim er æskilegt að láta eina reglugerð ná yfir alla þá þætti sem varða ráðstafanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 2) Í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 er þess krafist að verðbréfamiðstöðvar leggi fjársektir á þá þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfi sínu sem valda uppgjörsbresti (þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar).
- 3) Til að tryggja að fjársektir sem lagðar eru á þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar hafi raunveruleg fyrirbyggjandi áhrif ættu kennistærðir fyrir útreikning á fjárhæðum fjársekta að vera nátengdar virði þeirra fjármálagerna sem ekki eru afhentir og sem beita ætti viðeigandi sektarhlutfalli á. Virði fjármálagerna sem eru undirliggjandi viðskiptunum ætti einnig að vera grunnur að útreikningi á fjárhæð fjársektar þegar uppgjörsbrestur verður vegna skorts á reiðufé. Fjárhæð fjársekta ætti að hvetja þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar til að gera tafarlaust upp viðskiptin sem vanrækt hefur verið að gera upp. Til að tryggja að markmiðin með beitingu fjársekta náist á skilvirkan hátt ætti stöðugt að fylgjast með því hvort kennistærðir fyrir útreikning þeirra séu fullnægjandi og aðlaga þær, eins og nauðsyn krefur, á grundvelli þeirra áhrifa sem þessi viðurlög hafa á markaðinn.
- 4) Í ljósi þess að talsverður verðmunur er á fjármálagerningum sem eru undirliggjandi hinum fjölmörgu viðskiptum og til að auðvelda útreikning á fjársektum ætti virði fjármálagerna að byggjast á einu viðmiðunarverði. Verðbréfamiðstöðvar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 16.7.2020, bls. 36.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

ættu að nota sama viðmiðunarverð á tilteknum degi til að reikna út fjársektir vegna uppgjörsbrests er varða samskonar fjármálagerninga. Fjársektir ætti því að finna út með því að margfalda fjölda fjármálagerninga, sem eru undirliggjandi viðskiptunum og ekki voru gerð upp, með viðeigandi viðmiðunarverði. Ákvörðun viðmiðunarverðs ætti að byggjast á hlutlægum og áreiðanlegum gögnum og aðferðafræði.

- 5) Með hliðsjón af því að sjálfvirkir útreikningar á fjársektum ættu að tryggja að verðbréfamíðstöðvar beiti þeim á skilvirkan hátt ætti viðeigandi sektarhlutfall að byggjast á einni töflu gilda sem ætti að vera auðvelt að gera sjálfvirka og nota. Sektarhlutföll fyrir mismunandi gerðir fjármálagerninga ættu að vera ákvörðuð þannig að fjársektirnar uppfylli skilyrðin í reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 6) Uppgjör viðskipta með hlutabréf er venjulega mjög staðlað. Þegar hlutabréf hafa virkan markað og því auðkeypt ætti uppgjörsbrestur að falla undir hæsta sektarhlutfallið til að þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar hafi hvata til að gera upp viðskiptin tímanlega. Hlutabréf sem ekki hafa virkan markað ættu að falla undir lægra sektarhlutfall svo fremi að þetta lægra sektarhlutfall hafi samt varnaðaráhrif án þess að hafa áhrif á snurðulausa og skipulega starfsemi viðkomandi markaðar.
- 7) Fjárhæð fjársekta vegna uppgjörsbrests í viðskiptum með skuldabréf sem gefin eru út af ríkisútgefanda ætti að taka mið af því hve þessi viðskipti eru alla jafna umfangsmikil og hve mikilvæg þau eru fyrir snurðulausa og skipulega starfsemi fjármálamarkaðarins. Uppgjörsbrestur ætti því að falla undir lægsta sektarhlutfallið. Slíkt sektarhlutfall ætti þó að hafa varnaðaráhrif og veita hvata til að gera upp tímanlega.
- 8) Skuldagerningar sem ekki eru gefnir út af ríkisútgefendum hafa ekki eins virkan markað og viðskipti með slíka gerninga eru umfangsminni. Slíkir skuldagerningar hafa einnig minni áhrif á snurðulausa og skipulega starfsemi fjármála-markaðanna en skuldagerningar sem ríkisútgefendur gefa út. Sektarhlutfall vegna uppgjörsbrests ætti því að vera hærri en vegna skuldagerninga sem ríkisútgefendur gefa út.
- 9) Uppgjörsbrestur í viðskiptum með skuldagerninga ætti að falla undir lægra sektarhlutfall en uppgjörsbrestur vegna viðskipta með annars konar fjármálagerninga í ljósi þess að þau eru yfirleitt umfangsmeiri, uppgjör þeirra er ekki staðlað, þau hafa meiri áhrif yfir landamæri og eru mikilvægari fyrir snurðulausa og skipulega starfsemi fjármála-markaðanna. Slíkt lægra sektarhlutfall ætti þó að hafa varnaðaráhrif og veita hvata til að gera upp tímanlega.
- 10) Fjármálagerningar aðrir en hlutabréf og skuldagerningar sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, s.s. innlánssskrteini, losunarheimildir og kauphallarsjóðir, hafa venjulega ekki mjög staðlað uppgjör og virkan markað. Einnig er oft verslað með þá utan viðskiptavettvangs. Í ljósi takmarkaðs fjölda og umfangs viðskipta og til að endurspeglar að viðskipti með þau og uppgjör þeirra er ekki staðlað ætti uppgjörsbrestur að falla undir svipað sektarhlutfall og hlutabréf sem ekki hafa virkan markað.
- 11) Kennistærðir til að reikna út fjársektir ætti að laga að sérstökum eiginleikum tiltekinna viðskiptavettvanga, s.s. vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem skilgreindir eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁾. Fjársektir vegna uppgjörsbrests ættu ekki að hindra aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagnsmörkuðum sem valkost við bankalán. Auk þess veitir reglugerð (ESB) nr. 909/2014 vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja þann sveigjanleika að beita ekki uppgjörskaupafærlunum á uppgjörsbrest fyrir en allt að 15 dögum eftir ætlaðan uppgjörsdag. Af þessum sökum getur beiting fjársekta vegna uppgjörsbrests fjármálagerninga sem viðskipti eru með á vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki náð yfir lengri tíma en vegna annarra fjármálagerninga. Þegar lítið er til tímans sem fjársektum er beitt, minni seljanleika og sérstakra eiginleika vaxtarmarkaða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ætti að ákvarða sérstakt sektarhlutfall vegna uppgjörsbrests fjármálagerninga sem viðskipti eru með á slíkum viðskiptavettvöngum sem ætti að hvetja til tímanlegs uppgjörs en ætti ekki að hafa áhrif á snurðulausa og skipulega starfsemi þeirra. Einnig þykir rétt að tryggja að uppgjörsbrestur í viðskiptum með tiltekna fjármálagerninga, s.s. skuldagerninga, sem viðskipti eru með á slíkum vettvöngum, falli undir lægra sektarhlutfall en svipaðir skuldagerningar sem viðskipti eru með á öðrum mörkuðum.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- 12) Uppgjörsbrestur sem verður vegna skorts á fé ætti að falla undir saman sektarhlutfall fyrir öll viðskipti, svo fremi að slíkar aðstæður séu óháðar tegund eignar og seljanleika fjármálagerninganna sem um ræðir eða gerð viðskiptanna. Til að tryggja varnaðaráhrif og hvetja þátttakendur sem vanrækja skuldbindingar sínar til að gera upp tímanlega með því að taka lán þykir rétt að kostnaður við lántökur verði notaður sem grundvöllur sektarhlutfallsins. Það sektarhlutfall sem best á við ætti að miðast við opinbera vexti seðlabankans sem gefur út uppgjörsgjaldmiðilinn sem ætti að lýsa fjármagnskostnaðinum fyrir þann gjaldmiðil.
- 13) Reglugerð (ESB) nr. 909/2014 gerir verðbréfamiðstöðvum kleift að veita þjónustu sína í Sambandinu undir eftirliti lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu. Til að tryggja viðunnandi öryggisstig í þjónustustarfsemi verðbréfamiðstöðva í gístiaðildarríkjum er þess krafist í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 að lögbær og viðeigandi yfirvöld í heimaaðildarríkjum og gístiaðildarríkjum komi á samstarfsfyrirkomulagi um eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva í gístiaðildarríkinu þegar starfsemi þeirra er orðin verulega þýðingarmikil fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og vernd fjárfesta í viðkomandi gístiaðildarríki.
- 14) Til að geta metið á heildstæðan hátt hvort starfsemi verðbréfamiðstöðva hafi verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og fjárfestavernd í gístiaðildarríkjum þykir rétt að tryggja að matsviðmiðin taki tillit til kjarnaþjónustunnar sem verðbréfamarkaðir veita í gístiaðildarríkjum, eins og tilgreint er í A-þætti viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, svo fremi að verðbréfamiðstöðvar veiti slíka kjarnaþjónustu sem innviðir fjármálamarkaða.
- 15) Í þeim tilgangi að meta hve mikla þýðingu starfsemi verðbréfamiðstöðva hefur í gístiaðildarríkjum ættu matsviðmiðin að taka tillit til þess hve mikla kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðin veitir notendum frá gístiaðildarríkjum, þ.m.t. útgefendum, þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfum eða öðrum eigendum verðbréfareikninga sem verðbréfamiðstöðvarnar halda utan um. Þegar umfang kjarnaþjónustunnar sem verðbréfamiðstöðvar veita notendum frá gístiaðildarríkjum er nægilega mikið ætti starfsemi verðbréfamiðstöðva í slíkum gístiaðildarríkjum að teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og fjárfestavernd að því gefnu að brestur eða annmarkar í starfsemi slíkra verðbréfamiðstöðva geti haft áhrif á snurðulausa starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í viðkomandi gístiaðildarríki. Til að tryggja heildstætt mat þykir rétt að beita matsviðmiðum þar sem hver gerð kjarnaþjónustu sem verðbréfamiðstöðin veitir notendum frá gístiaðildarríkjum er skoðuð sjálfstætt.
- 16) Ef verðbréfamiðstöðvar gefa út eða halda miðlægt utan um stóra hluta verðbréfa fyrir útgefendur með staðfestu í gístiaðildarríkjum eða þar sem þær halda miðlægt utan um stóra hluta verðbréfareikninga fyrir þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfum þeirra eða aðra reikningseigendur með staðfestu í gístiaðildarríkjum, ætti starfsemi þeirra að teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í viðkomandi gístiaðildarríki.
- 17) Ef verðbréfamiðstöðvar gera upp háar fjárhæðir vegna viðskipta með verðbréf sem gefin eru út af útgefendum með staðfestu í gístiaðildarríkjum eða ef þeir gera upp háar fjárhæðir vegna uppgjörsfyrirmæla frá þátttakendum og öðrum eigendum verðbréfareikninga með staðfestu í gístiaðildarríkjum, ætti starfsemi þeirra að teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í viðkomandi gístiaðildarríki.
- 18) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ⁽¹⁾ geta aðildarríki tilnefnt uppgjörskerfi fyrir verðbréf sem fellur undir löggjöf þeirra, að því er varðar beitingu þeirrar tilskipunar, þegar aðildarríki telja að slík tilnefning sé réttlætanagerleg með tilliti til kerfisáhættu. Þegar verðbréfamiðstöðvar starfrækja verðbréfauppgjörskerfi sem gístiaðildarríki hafa tilnefnt í samræmi við tilskipun 98/26/EB ætti starfsemi þeirra af þeim sökum að teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í þeim gístiaðildarríkjum.
- 19) Meta ætti starfsemi verðbréfamiðstöðva nægilega oft til að viðkomandi yfirvöld geti, án ótilhlýðilegrar tafar, komið á samstarfsfyrirkomulagi frá þeirri stundu sem starfsemi viðkomandi verðbréfamiðstöðva fær verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í gístiaðildarríkjum.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjútíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

- 20) Þegar starfsemi verðbréfamiðstöðva fær verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í gístiaðildarríki ætti hún að teljast hafa verulega þýðingu í nógu langan tíma til að viðkomandi yfirvöld geti komið á árangursríku og skilvirku samstarfsfyrirkomulagi í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 21) Útreikningar í tengslum við mat samkvæmt þessari reglugerð ættu að byggjast á hlutlægum og áreiðanlegum gögnum og aðferðafræði. Þar sem tilteknir útreikningar sem tilskildir eru samkvæmt þessari reglugerð byggjast á reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾, ætti aðeins að gera slíka útreikninga þegar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 á við.
- 22) Þar sem ráðstafanir til að taka á uppgjörsbresti sem tengjast útreikningum á fjársektum og tilteknar ráðstafanir til ákvörðunar á verulegri þýðingu gætu krafist umtalsverðra breytinga á upplýsingatæknikerfum, markaðsrannsóknna og aðlögunar að lagalegu fyrirkomulagi meðal hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. verðbréfamiðstöðva og annarra markaðsaðila, ætti að gera ráð fyrir nægum tíma til að koma viðeigandi ráðstöfunum í framkvæmd til að tryggja að verðbréfamiðstöðvarnar og aðrir hlutaðeigandi aðilar uppfylli nauðsynleg skilyrði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun merkja „uppgjörsfyrirmæli“ fyrirmæli eins og þau eru skilgreind í i-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB.

2. gr.

Útreikningur fjársekta

Fjárhæð fjársekta, sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, vegna uppgjörsbrests í viðskiptum með tiltekinn fjármálagerning skal reikna út með því að beita viðeigandi sektarhlutfalli, eins og tilgreint er í viðauka þessarar reglugerðar, á viðmiðunarverð viðskiptanna eins og það er ákvarðað í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Viðmiðunarverð viðskipta

1. Viðmiðunarverðið sem um getur í 2. gr. skal nema samanlögðu markaðsvirði fjármálagerninganna eins og það er ákvarðað í samræmi við 7. gr. fyrir hvern viðskiptadag sem brestur er á uppgjöri viðskiptanna.
2. Nota skal viðmiðunarverðið sem um getur í 1. mgr. til að reikna út fjárhæð fjársekta vegna alls uppgjörsbrests, óháð því hvort uppgjörsbresturinn er vegna skorts á verðbréfum eða peningum.

4. gr.

Viðmið til ákvörðunar á verulegri þýðingu verðbréfamiðstöðvar

Starfsemi verðbréfamiðstöðvar í gístiaðildarríki telst hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í gístiaðildarríkinu ef a.m.k. eitt þeirra viðmiða sem tilgreind eru í 5. og 6. gr. eru uppfyllt.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtúð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

5. gr.

Viðmið til ákvörðunar á verulegri þýðingu eignaskráningarþjónustu og miðlægrar vörsluþjónustu

1. Eignaskráningarþjónusta [áður lögbókunarþjónusta] og miðlæg vörsluþjónusta, eins og um getur í 1. og 2. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 sem veitt er af verðbréfamiðstöð í gístiaðildarríki skal teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaðanna og fjárfestavernd í því gístiaðildarríki ef annaðhvort eftirfarandi viðmiða er uppfyllt:
 - a) samanlagt markaðsvirði fjármálagerninga, sem útgefendur frá gístiaðildarríkinu gefa út og eru frumskráðir eða haldið er utan um miðlægt á verðbréfareikningum hjá verðbréfamiðstöðinni, nemur a.m.k. 15% af heildarvirði fjármálagerninga útgefina af öllum útgefendum frá gístiaðildarríkinu sem eru frumskráðir eða haldið er utan um miðlægt á verðbréfareikningum hjá öllum verðbréfamiðstöðvum með staðfestu í Sambandinu,
 - b) samanlagt markaðsvirði fjármálagerninga, sem haldið er utan um miðlægt á verðbréfareikningum hjá verðbréfamiðstöðinni fyrir þátttakendur og aðra eigendur verðbréfareikninga frá gístiaðildarríkinu, nemur a.m.k. 15% af heildarvirði fjármálagerninga sem haldið er utan um miðlægt á verðbréfareikningum hjá öllum verðbréfamiðstöðvum með staðfestu í Sambandinu fyrir alla þátttakendur og aðra eigendur verðbréfareikninga frá gístiaðildarríkinu.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal markaðsvirði fjármálagerninga ákvarðað í samræmi við 7. gr.
3. Sé annaðhvort viðmiðanna í 1. mgr. uppfyllt skal starfsemi viðkomandi verðbréfamiðstöðvar í gístiaðildarríki teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í því gístiaðildarríki á tímabilum sem telja þrjú almanaksár, eru endurnýjanleg og gilda frá 30. apríl á næsta almanaksári eftir að viðmiðið var uppfyllt.

6. gr.

Viðmið til ákvörðunar á verulegri þýðingu uppgjörþjónustu

1. Uppgjörþjónusta eins og um getur í 3. lið A-þáttar viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 sem veitt er af verðbréfamiðstöð í gístiaðildarríki skal teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í gístiaðildarríkinu ef eitthvert eftirfarandi viðmiða er uppfyllt:
 - a) ársvirði uppgjörsfyrirmæla, sem varða viðskipti með fjármálagerninga sem útgefendur frá gístiaðildarríkjum gefa út og verðbréfamiðstöðin gerir upp, nemur a.m.k. 15% af árlegu heildarvirði allra uppgjörsfyrirmæla í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga sem útgefendur frá gístiaðildarríkinu gefa út og allar verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu gera upp,
 - b) ársvirði uppgjörsfyrirmæla, sem verðbréfamiðstöðin gerir upp fyrir þátttakendur og aðra eigendur verðbréfareikninga frá gístiaðildarríkinu, nemur a.m.k. 15% af árlegu heildarvirði uppgjörsfyrirmæla sem allar verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Sambandinu gera upp fyrir þátttakendur og aðra eigendur verðbréfareikninga frá gístiaðildarríkinu,
 - c) verðbréfamiðstöðin starfrækir verðbréfauppgjörskerfi sem fellur undir lög gístiaðildarríkisins og hún hefur verið tilkynnt til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
2. Að því er varðar a- og b-lið 1. mgr. skal virði uppgjörsfyrirmæla vera sem hér segir:
 - a) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör gegn greiðslu, virði viðkomandi viðskipta með fjármálagerninga eins og það er fært inn í verðbréfauppgjörskerfið,
 - b) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör án greiðslu, (FOP), samanlagt markaðsvirði viðkomandi fjármálagerninga eins og það er ákvarðað í samræmi við 7. gr.

3. Sé eitthvert viðmiðanna í 1. mgr. uppfyllt skal starfsemi viðkomandi verðbréfamiðstöðvar í gístaðildarríki teljast hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi verðbréfamarkaða og fjárfestavernd í því gístaðildarríki á tímabilum sem telja þrjú almanaksár, eru endurnýjanleg og gilda frá 30. apríl á næsta almanaksári eftir að viðmiðið var uppfyllt.

7. gr.

Ákvörðun markaðsvirðis

Markaðsvirði fjármálagerninga sem um getur í 3., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar skal ákvarðað eins og hér segir:

- a) sé um að ræða fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og eru teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, skal markaðsvirði viðkomandi fjármálagernings vera lokaverð á þeim markaði sem á best við með tilliti til seljanleika eins og um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- b) sé um að ræða fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, aðra en þá sem um getur í a-lið, skal markaðsvirðið vera lokaverðið á þeim viðskiptavettvangi innan Sambandsins sem er með mestu veltuna,
- c) sé um að ræða aðra fjármálagerninga en þá sem um getur í a- og b-lið skal markaðsvirðið ákvarðað á grundvelli fyrirfram ákveðinnar aðferðar sem lögbær yfirvöld viðkomandi verðbréfamiðstöðvar hafa samþykkt og sem byggist á viðmiðum tengdum áreiðanlegum markaðsgögnum, s.s. markaðsverði sem er aðgengilegt á viðskiptavettvöngum eða hjá verðbréfafyrirtækjum.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Beita skal þeim viðmiðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. og c-lið 1. mgr. 6. gr. í fyrsta skipti innan fjögurra mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar og skulu þau byggjast á virði fjármálagerninga sem eru frumskráðir eða haldið er utan um miðlægt á verðbréfareikningum hjá verðbréfamiðstöðinni hinn 31. desember á næstliðnu almanaksári.
2. Beita skal þeim viðmiðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 5. gr. og í a- og b-lið 1. mgr. 6. gr. í fyrsta skipti innan fjögurra mánaða frá þeim degi sem gerðin kemur til framkvæmda og um getur í 2. mgr. 9. gr. og skulu þau byggjast á virði fjármálagerninga sem er haldið utan um miðlægt á verðbréfareikningum hjá verðbréfamiðstöðinni hinn 31. desember á næstliðnu almanaksári.
3. Að því er varðar tímabilið sem hefst á gildistökudegi þessarar reglugerðar og lýkur á þeim degi sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og um getur í annarri málsgrein 55. gr. hennar gildir eftirfarandi:

- a) þrátt fyrir 2. mgr. 5. gr. skal markaðsvirði fjármálagerninga vera nafnverð þeirra,
- b) þrátt fyrir b-lið 2. mgr. 6. gr. skal markaðsvirði viðkomandi fjármálagerninga vera nafnverð þeirra.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. mars 2019.

Þrátt fyrir aðra málsgrein:

- a) koma ákvæði 2. og 3. gr. til framkvæmda frá gildistökuframseldu gerðarinnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 15. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) koma ákvæði 7. gr. til framkvæmda frá þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- c) koma ákvæði 8. gr. til framkvæmda frá gildistökuframseldu þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Sektarhlutföll sem gilda um uppgjörsbrest

Tegund brests	Hlutfall
1. Uppgjörsbrestur vegna skorts á hlutabréfum sem hafa virkan markað í skilningi b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að undanskildum hlutabréfum sem um getur í 3. lið	1,0 grunnpunktur
2. Uppgjörsbrestur vegna skorts á hlutabréfum sem hafa ekki virkan markað í skilningi b-liðar 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að undanskildum hlutabréfum sem um getur í 3. lið	0,5 grunnpunktar
3. Uppgjörsbrestur vegna skorts á fjármálagerningum sem viðskipti eru með á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að undanskildum skuldagerningum sem um getur í 6. lið	0,25 grunnpunktar
4. Uppgjörsbrestur vegna skorts á skuldagerningum sem eru gefnir út af eða með ábyrgð: <ul style="list-style-type: none"> a) ríkisútgefanda, eins og hann er skilgreindur í 60. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/EB, b) ríkisútgefanda þriðja lands, c) opinbers staðaryfirvalds, d) seðlabanka, e) fjölþjóðlegs þróunarbanka sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 117. gr. og í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽¹⁾, f) Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins eða Evrópska stöðugleikakerfisins. 	0,10 grunnpunktar
5. Uppgjörsbrestur vegna skorts á skuldagerningum öðrum en þeim sem um getur í 4. og 6. lið	0,20 grunnpunktar
6. Uppgjörsbrestur vegna skorts á skuldagerningum sem viðskipti eru með á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja	0,15 grunnpunktar
7. Uppgjörsbrestur vegna skorts á hvers kyns öðrum fjármálagerningum sem ekki falla undir 1.–6. lið	0,5 grunnpunktar
8. Uppgjörsbrestur vegna skorts á reiðufé	Opinberir daglánavextir þess seðlabanka sem gefur út uppgjörsgjaldmiðilinn, að lágmarki 0

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtfð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).